

Sþ.

779. Nefndarálit

[248. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á sankomulagi við ríkisstjórn Noregs um takmarkaðar veiðar norskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Þar sem það er rökstutt álit fiskifræðinga og má teljast visindalega sannað, að íslenski þorskstofninn er stórlega ofveiddur, eru í reynd engir möguleikar á að láta erlendum þjóðum í té með samningum heimildir til fiskveiða innan 200 mílna fiskveiðilögsögu. Þær fiskitegundir, sem við höfum ekki nýtt að fullu, hljóta að sæta aukinni sókn af hálfu íslenska fiskiskipaflotans, þar sem slíkt er eðlilegasta og besta úrræðið, svo langt sem það nær til að draga úr þorskveiðum.

Hinn nýi samningur, sem gerður hefur verið við Norðmenn um nokkurn afla á íslenskum fiskimiðum, er ástæðulaus og varhugaverður sem fordæmi. Hér er að vísu ekki gert ráð fyrir miklu aflamagni og á færi íslenskra stjórnvalda að ákveða hámarksafla. Hins vegar má á það líta, að veiðiheimildir þessar skipta sáralitlu máli fyrir Norðmenn og er fyrirhugaður afli þeirra innan íslenskrar fiskveiðilögsögu afar léttvægur í þjóðarbúskap þeirra.

Ekki nær það neinni átt, að ástæða sé til að kaupa hálfkveðna viðurkenningu Norðmanna á 200 mílna útfærslu okkar sérstöku verði. Norðmenn hafa ekki einungis lýst yfir stuðningi við 200 mílna auðlindalögsögu á hafréttarráðstefnunni, heldur eru þeir að búa sig undir einhliða útfærslu fyrir lok þessa árs.

Ég legg til, að þáltill. verði felld.

Alþingi, 13. maí 1976.

Gíls Guðmundsson.